



Greiðslur til stuðningsfjölskyldna 2024

Kjósarhreppur greiðir stuðningsfjölskyldu fatlaðs barns þóknun fyrir hvern sólarhring sem barnið dvelur hjá fjölskyldunni. Greiðslur eru stigskiptar eftir umfangi fötlunar og umönnunarþörf. Þær styðjast við umönnunarmat frá Tryggingastofnun ríkisins og þá flokkun sem fram kemur í reglugerð nr. 504/1997.

Fjárhæð greiðslna er sem hér segir:

- 1. fl.: Börn sem eru algerlega háð öðrum með athafnir daglegs lífs. Greiddar eru kr. 47.331 fyrir hvern sólarhring.
- 2. fl.: Börn sem þurfa verulega aðstoð við athafnir daglegs lífs og gæslu. Greiddar eru kr. 36.627 fyrir hvern sólarhring.
- 3. fl.: Börn sem þurfa minni aðstoð en skv. 1. og 2. fl. en þurfa eftirlit við athafnir daglegs lífs. Greiddar eru kr. 31.019 fyrir hvern sólarhring.

Greiðslur til stuðningsfjölskyldna eru skattaskyldar verktakagreiðslur en draga má frá kostnað samkvæmt reglum Ríkisskattstjóra.

Gjaldskráin var samþykkt í sveitarstjórn 10. Janúar 2024, gjaldskrá sem samþykkt var á sveitarstjórnarfundum 29. nóvember 2023 fellur niður frá sama tíma.

Gjaldskráin tekur gildi 1. janúar 2024